

GLITNIR Í SAMFÉLAGINU

Samhliða breyttu landslagi í efnahagslífinu hefur hlutverk fyrirtækja í samfélaginu breyst nokkuð. Um leið hefur ábyrgð fyrirtækja aukist og í dag er heilsteypt stefna í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja mikilvægur hluti okkar viðskiptaumhverfis. Það er eðlileg krafa alþjóðasamfélagsins að stærra fyrirtæki hafi fastmótaða stefnu í þessum málum og leggi sig fram um að gera vel við samfélag og umhverfi. Alþjóðleg fjármálafyrirtæki hafa stundað samfélagslega þátttöku með þessum hætti í fjöldamörg ár og helga þessum hluta starfsemi sinnar talsverða fjármuni og sérfræðipekkingu. Glitnir hefur um árabíl verið í forystu íslenskra fyrirtækja í þessum efnu og við leggjum metnað okkar í að svo verði áfram. Við gefum nú út í fyrsta sinn sérstaka skýrslu um samfélagsþátttöku bankans sem er ætlað að gefa mynd af helstu verkefnum sem bankinn kom að á seinasta ári.



En hvað þýðir að vera samfélagslega ábyrgur? Samfélagsleg ábyrgð skilgreinist ekki af því hversu mikla fjármuni fyrirtæki lætur af hendi rakna heldur er ábyrgðin skilgreind af þeirri starfsemi sem fyrirtækið stendur fyrir og hvernig verðmætin verða til. Samfélagsleg ábyrgð snýst ekki einungis um fjárframlög til góðra málefna heldur snýst ábyrgðin einnig um það hvernig fyrirtæki leysa þau vandamál sem upp geta komið vegna reksturs og þjónustu. Hvort fyrirtæki ákveða að stunda sinn rekstur aðeins eftir lögum og reglum eða einnig á siðferðilegum nótum. Samfélagsleg ábyrgð er ekki einungis hluti af starfsemi fyrirtækisins heldur einnig stefnumótun þess til lengri og skemmri tíma.

Það hefur verið afar ánægjulegt fyrir okkur stjórnendur Glitnis að finna hversu mikinn stuðning starfsfólk bankans sýni þessum verkefnum. Til þess að fyrirtæki geti raunverulega sýnt samfélagslega ábyrgð í verki þarf starfsfólkið að vera drifkrafturinn. Samfélagsþátttaka fyrirtækis kemur innan frá og hvílir á vilja starfsmanna til að keyra hana áfram. Fyrirtæki eins og Glitnir er fyrst og fremst það fólk sem þar vinnur. Þetta kom glöggt í ljós í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis þegar yfir 500 starfsmenn hlupu til góðs og söfnuðu u.þ.b. 22 milljónum fyrir 53 góðgerðarsamtök.

Ég vona að þessi skýrsla gefi innsýn í þau samfélagsverkefni sem Glitnir kom að á seinasta ári og verði okkur innblástur til að gera gott betur á nýju ári.

Bjarni Armanmússon

LYKILVIÐBURÐIR OG VERKEFNI 2006

MENNINGARSJÓÐUR GLITNIS

Glitnir lagði mörgum góðum málefnum lið á árinu 2006. Fjárframlög til fjölda verkefna komu frá Menningarsjóði Glitnis sem er einn öflugasti styrktarsjóður landsins í einkaeigu. Tilgangur hans er að styðja við verkefni á sviði menningar og lista, menntunar og vísinda, sem og forvarnarstarfs og líknarmála. Markmiðið með starfsemi sjóðsins er að efla tengsl Glitnis við samfélagið og starfsumhverfi hans. Menningarsjóðurinn afgreiðir fjölda styrkbeiðna á ári hverju en það er jafnframt stefna hans að eiga frumkvæði að samstarfi í áhugaverðum verkefnum. Tekjur sjóðsins eru framlög sem samþykkt eru á aðalfundi Glitnis ár hvert.

Frá upphafi hefur Menningarsjóðurinn veitt ríflega 450 milljónir króna í styrki og árið 2006 var alls um 150 milljónum króna úthlutað til um 200 aðila. Aukin umsvif og öflug útrás Glitnis gera að verkum að Menningarsjóðurinn á erindi víðar en í íslenskt samfélag. Það er því stefna sjóðsins að hafa bæði frumkvæði að verkefnum héraendis sem og á starfssvæðum Glitnis erlendis og annars staðar í alþjóðasamfélaginu á komandi árum.

Stjórn sjóðsins er tilnefnd af stjórn Glitnis en hana skipa Einar Sveinsson formaður, Bjarni Ármannsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Pétur Þorsteinn Óskarsson.

Hér má sjá lista yfir samstarfsaðila Glitnis árið 2006 en auk þess veitti bankinn ungu tónlistarfólki og framúrskarandi námsmönnum viðurkenningar.

ADHD samtökin í AFS á Íslandi í Agnar Már Magnússon píanóleikari í Alþjóðahúsið í Alex Frey og Ragna Bernburg, danspar í Aldrei fór ég suður, tónlistarháttíð á Ísafirði í Angi, styrktarfélag krabbameinssjúkra barna í Atvinnubrúnaðarfélag Vestfirjarð í Bandalag íslenskra skáta í Bergmál, líknar- og vinnufélag Blátt áfram í Bókautgáfan Tindur í Brynjólfsmessu eftir Gunnar Þórðarson í Buslii, félag ungbarnasundskennara í KÍM í Crosskick Iceland í Dagur íslenskrar tungu, verðlaun Jónasar Hallgrímssonar í Dansk-íslenska félagið í Djassháttíð Egilsstaða á Austurlandi í Djassháttíð í Garðabæ í Djassháttíð Reykjavíkur í Doktorsrannsóknarverkefni við Metropolis-stofnunina í Barcelona í Draumasmíðjan í Dropinn, styrktarfélag sykursjúkra barna í Eðinborgarhúsið á Ísafirði Endurmenntun HÍ í Einar Scheving trommuleikari í Einstök börn í Einu sinni átti ég gott í Eskandal í Félag ábyrgra feðra í Félag áhugafélaks um Downs-heilkenni í Félag eldri borgara í Fiskeri FÍH í Fjölbrotaskóli Suðurnesja í Fjölskyldan, líknarfélag Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur í Framtak gamalla stúdenta MA Freyjukórinn í Borgarfirði Fuglaathuganastöð Suð-Austurlands í Geðhjálp í Geisladiskur Kára Árnasonar djasstónlistarmanns til styrktar Ána Ibsen í Gídeonfélagið á Íslandi í Gljúfrasteinn í Golfklúbður Vestmannaeyja í Guðjón Friðriksson sagnfræðingur í Handverk og hönnun í Háskólinn á Akureyri Heimili og skóli, SAFT forvarnir í netnotkun barna Herjólfsbæjarfélagið í Híð íslenska bókmenntafélag í Hinsgin dagar í Hjálpræðisherinn Jakobínarína í Hljómskálavittinninn í Hreindýraland, Experimental Film and Video Festival Hreyfiland í Hrókurinn, skálfélag í Hugarfíl í Hvítasunnukirkjan Fíladelfía í Inga Dóra Björnsdóttir mannfraeðingur í Íris Guðmundsdóttir skíðakona í Ísbjarnarleiðangurinn í Íslandsdeild EPTA Íslendingafélagið í Ósló í Íslenska hreyfibrúnaðarsamsteypan Íslenska-ameríska félagið í Íslensku ættleiðing Íslensku sjónlistarverðlaunin í Íþróttasamband lögreglumanna í Íþróttasamband fatlaðra í Íþróttasamband Íslands í Kammersevit Reykjavíkur Kammersevitinn Ísaföld í Kanadísk menningarháttíð í Kópavogsbæ í Karalakórinn Fóstbræður í Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði í Kór Félags eldri borgara í Kór Langholtskirkju í Kvinnaskólinn Kvímyndasafn Íslands og Sinfóníuhljómsveit Íslands í Kynning á íslenski list og listiðn á menningarnótt í Kaupmannahöfn í Lada Sport í Lagastofnun HÍ í Landakotsskóli Laugarnesskóli í Leikfélag Patreksfjarðar í Leikfélagið Regina Leikminjasafn Íslands í Leirlistafélag Íslands í Léttsveit Reykjavíkur í Listaháskóli Íslands í Listaháttíð í Reykjavík Listasafn Reykjanesbæjar í Listasafn Sigurjóns Ólafssonar í List án landamæra í Listmuna- og minjanefnd Landspítala í Listvinafélag Hallgrímskirkju í Ljóð í sjóð í Ljóðatónleikar í Hafnarborg í Ljóðatónleikar í Bellas Artes í Madrid í Lókal í Lunga í Lúðrasveit Seltjarnarness MND-félagið í Mammút í Miðgarður í Minjasafnið á Akureyri í Modern Women, Scandinavian Female Artists 1919-1930 í Mæðrastyksnefnd í Myndlistaskólinn í Reykjavík í Myrin í Námsfyrirtæki DjósiLíf í Netmennt í Ný döggun í Nýlistasafnið í Orgelsjóður Kristskirkju í Olympíulíð Íslands í eðlisfræði í Olympíufjölskyldan í Óperustöð Íslensku óperunnar í Parkinson-samtökin á Íslandi í Vestmannaeyjabær, Pompei norðursins í Hafdis Hanna Ægisdóttir doktorsnemi í Rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum í Rannsóknarsjóður Ingibjörg R. Magnúsdóttir í hjúkrunarfræði í Hjalastefnan, „Í átt til jafnréttis“ í Ráðstefna skandinavískra lífeðlisfræðinga í Rauði kross Íslands í Rauði þráðurinn í Reykjanesbær, Ljósanótt í Reykjavíkurborg, verkefnið Framtíð í nýju landi í Rit Hannesar Blöndal um líffærafræði fyrir kennslu í HÍ í Rjómi, samstarf HR og LHÍ um íslenska hönnun í Samgöngumínjasafnið Ystafelli í Samsýning íslenskra leirlistamanna í Frakklandi í Samtök sykursjúkra í Schola Cantorum í Sigurgeir ljósmyndari ehf., Vestmannaeyjum í Sinfóníuhljómsveit Íslands í Sjálfsbjörg, Akureyri í Skáksveit MR í Skólahljómsveit Kópavogs í Skólakór Kársness í Skyllingasamband ÍSÍ í Slysavarnarfélagið Landsbjörg í SOS-barnabörp í Special Olympics í Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa í Stjarnan, meistaraflokkur í körfuknattleik í Stórsveit Reykjavíkur í Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra í Styrktarsamkoma til heiðurs Margrétu J. Pálmadóttur kórstjóra í tilefni af 50 ára afmæli hennar í Sumardvöl fatlaðra í Hrísey í Sumartónleikar í Skálholtskirkju í Sundsamband Íslands Sýningin Að fanga drauma eftir Jóni í Turpentinegallerí í Sýning á kammeróperunni Gretti í Toronto, Kanada í Sýning Unnar Mjallar Leifsdóttur hönnuðar í Seoul í Suður-Kóreu í Talía, loftbrú-leiklistar í Tákni með tali í Tónlistarfélag Mostellsbæjar í Tónlistarhópurinn Aton í Tónlistarsjóður Rötaryumdamis á Íslandi Trío Gorki Park í Umsjónarfélag einhverra í Ungir frumkvöldar í Unglingasmiðjan Tróð í UNICEF-bákhjarlasamningur í Vallargerðisbræður, útgáfa á geisladisk í Vinnufélag heimilisfélaks á Ljósheimum á Selfossi í Viðförli BEST í Yrkja í þekkingarsetur Þingeyinga í Þjóðargjöfin, Vika bókarinnar í Þjóðlagasveit Toska í Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi í Proskahjálp, landsamtök í Æskan, bókaútgáfa í Æskulyðsnefnd Félags heyrnarlaustra

GÓÐGERÐAR- OG LÍKNARMÁL

STAFRÆNT TÆKI TIL LEITARSTÖÐVAR KRABBAMEINSFÉLAGSINS

Stærsta einstaka styrktarverkefni Glitnis á árinu 2006 var 40 milljón króna styrkur sem í ársbyrjun var veittur Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Styrkurinn rann til kaupa á nýju stafrænu röntgentæki til brjóstakrabbameinsleitar. Nýja tækið byggist á stafrænni röntgentækni sem gerir kleift að færa myndir beint inn á tölvu í stað hefðbundinna röntgenfilma. Tæknin gefur möguleika á nákvæmari greiningu líftilla ætla auk þess sem mun minni geislaskammtur er í þessu nýja tæki en áður þekkist og dregur þannig úr geislaáhrifum.

ÁRVEKNISÁTAK UM BRJÓSTAKRABBAMEIN

Glitnir tók þátt í árveknisátaki um brjóstakrabbamein sem fram fór um heim allan í októbermánuði. Einkennislitur átaksins er bleikur og var skipt um lit á vefsíðu Glitnis af þessu tilefni auk þess sem höfuðstöðvar Glitnis við Kirkjusand voru lýstar með bleiku ljósi.

GLITNIR BAKHJARL UNICEF – HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ

Glitnir er bakhjarl UNICEF á Íslandi ásamt fjórum öðrum fyrirtækjum. Samningar um styrk við UNICEF voru undirritaðir í nóvember og hljóðuðu upp á 60 milljónir króna til næstu þriggja ára eða 4 milljónir á hvert fyrirtæki á ári. Fyrsta verkefni UNICEF og bakhjarlanna var að halda Dag rauða nefsins á Íslandi 1. desember síðastliðinn. Dagur rauða nefsins er stærsta söfnunaráttak UNICEF á Íslandi til þessa en landsmenn voru hvattir til að gleðjast og gleðja aðra með því að kaupa rautt trúðanef til styrktar bágstöddum börnum um allan heim og skrá sig sem heimsforeldra.



Stærsta einstaka styrktarverkefni Glitnis árið 2006 var 40 milljón króna styrkur sem veittur var Leitarstöð Krabbameinsfélagsins til kaupa á nýju stafrænu röntgentæki til brjóstakrabbameinsleitar.

LISTIR OG MENNING



STYRKIR FYRIR EFNILEGT TÓNLISTARFÓLK

Menningarsjóður Glitnis hefur styrkt unga hljóðfæraleikara og söngvara síðastliðin þrjú ár. Styrkirnir eru veittir tónlistarfólki, 30 ára og yngra, sem er að ljúka framhaldsnámi sínu eða hefur nýlega lokið því. Sautján einstaklingar hafa hlotið þessa styrki hingað til og í ár voru það: Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari, Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari, Gissur Páll Gissurarson tenór, Helgi Hrafn Jónsson básúnuleikari og söngvari, Hugi Guðmundsson tónsmiður, Jónas Guðmundsson tenór og Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari.

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Glitnir og Listahátíð í Reykjavík hafa átt farsælt samstarf um árabíl og árið 2006 var Glitnir sérstakur styrktaraðili tveggja viðburða á Listahátíð, tónleika Miriam Makeba og tónleika Mugison. Framhald verður á samstarfi Listahátíðar og Glitnis árið 2007 en þá mun bankinn einnig styrkja tvo viðburði á Listahátíð í Reykjavík.

FRÍTT Í HAFNARBORG, BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR OG LISTASAFN REYKJANESS

Menningarsjóður Glitnis undirritaði samning við Listasafn Reykjaness í lok árs 2006 og í byrjun árs 2007 var gerður samningur við Hafnarborg og Byggðasafn Hafnarfjarðar. Samstarfssamningarnir fela í sér að boðinn verður ókeypis aðgangur að sýningum í söfnunum í ár.

SJÓNLIST 2006

Glitnir var aðalfyrirtækjabakhjarl Íslensku sjónlistarverðlaunanna sem veitt voru í fyrsta sinn á síðasta ári. Sjónlist er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, Forms Íslands – samtaka hönnuða og Sambands íslenskra myndlistarmanna. Markmið verkefnisins er að veita verðlaun á sviði sjónlista og þannig vekja áhuga samfélagsins á framúrskarandi íslenskum myndlistarmönnum og hönnuðum bæði hér á landi og erlendis.

GLITNIR BAKHJARL ÓPERUSTÚDÍÓS ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

Glitnir er aðalstyrktaraðili Óperustúdíós Íslensku óperunnar þriðja árið í röð og hefur stúdíóið fest sig í sessi sem eitt af stærri verkefnum Óperunnar. Reynsla síðustu þriggja ára hefur sýnt að það er mikill áhugi fyrir verkefninu bæði meðal þátttakenda sem og áhorfenda. Í Óperustúdíóinu fá nemendur tónlistarskóla tækifæri til að taka þátt í óperusýningu sem er að öllu leyti unnin eins og aðrar sýningar Íslensku óperunnar.

GLITNIR BAKHJARL NÝLISTASAFNSINS

Í ársbyrjun 2007 var gerður þriggja ára samstarfs-samningur milli Nýlistasafnsins og Glitnis. Bankinn hefur um árabíl stutt samtímamyndlist og áttu fyrirrennarar hans í áralöngu samstarfi við Nýlistasafnið allt frá stofnun þess. Alþýðubankinn var helsti bakhjarl Nýlistasafnsins fyrstu ár þess og eins var gott samstarf á milli Nýlistasafnsins og Íslandsbanka um árabíl.



Í Óperustúdíóinu fá nemendur tónlistarskóla tækifæri til að taka þátt í óperusýningu sem er að öllu leyti unnin eins og aðrar sýningar Íslensku óperunnar. Árið 2006 setti Óperustúdíóið upp Nótt í Fenejum eftir Johann Strauss.

ÍÞRÓTTIR OG ÆSKULÝÐSSTARF

Glitnir lætur víða til sín taka á sviði íþrótta- og æskulýðsmála með því að styrkja starfsemi einstakra félaga víða um land auk þess að standa við bakið á einstökum viðburðum.

SPECIAL OLYMPICS – ÍSLAND

Glitnir er aðalstyrktaraðili Special Olympics á Íslandi. Í apríl fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu í Laugardalshöllinni. Birkir Kristinsson, starfsmaður Eignastýringar og fyrrum landsliðsmarkvörður, veitti keppendum verðlaun fyrir hönd Glitnis. Alls mættu um 40 keppendur frá fimm íþróttafélögum þroskaheftra til leiks. Knattspyrnusamband Íslands sá um að útvega dómara og knattspyrnuþjálfari sá um upphitun. Mótið tókst mjög vel, mikil stemning ríkti í keppninni, góð tilþrif og ekkert var gefið eftir.



GLITNIR AÐALSAMSTARFS- AÐILI LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

Glitnir og Landssamband hestamannafélaga, LH, gerðu í desember með sér samning til næstu tveggja ára sem kveður á um að Glitnir verði aðalsamstarfsaðili sambandsins. Glitnir mun styrkja LH um 5 milljónir króna á ári auk þess að leggja til verðlaun og styrkja einstaka viðburði á vegum sambandsins. Fjárstyrkur Glitnis verður notaður til þess að styðja við landslið hestamanna og verkefni til að kynna börnum og unglingum íslenska hestinn, m.a. á Æskulýðsdegi Glitnis, sem haldinn verður í fyrsta sinn árið 2007. Þá útvegar Glitnir peningaverðlaun á mótaröð Glitnis næsta sumar.

UNGIR FRUMKVÖÐLAR

Uppskeruhátíð Ungra frumkvöðla, sem tóku þátt í námskeiðinu Fyrirtækjasmiðjan, var haldin í aðalstöðvum Glitnis, Kirkjusandi, í apríl. Framhaldsskólanemar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri tóku þátt í námskeiðinu, sem stóð í 13 vikur, en í því felst að stofna „fyrirtæki“ og reka það eins og um alvöru fyrirtæki væri að ræða. Niðurstöður námskeiðsins voru kynntar og veitt verðlaun fyrir besta fyrirtækið, frumlegustu viðskiptahugmyndina og bestu markaðs- og sölumálin. Við mat á árangri var miðað við arðsemi, viðskiptaáætlun og stjórnun. Um 150 framhaldsskólanemar voru mættir í aðalstöðvar Glitnis og kynntu rekstur fjórtán fyrirtækja. Í kynningunum kom fram að nemendurnir hefðu öðlast mikla reynslu af þátttökunni í Fyrirtækjasmiðjunni.

STERKUR LEIKUR MEÐ SKÁKMÖNNUM

Glitnir styrkti skáklífið í landinu með myndarlegum hætti á árinu. Í mars gerðist Glitnir bakhjarl Skáksambands Íslands og var samningur þar að lútandi undirritaður í höfuðstöðvum Glitnis við Kirkjusand. Glitnir verður bakhjarl Skáksambands Íslands næstu tvö ár en samstarfið hófst með Alþjóðlegu skákhátíðinni.

Í framhaldinu voru skipulagðir ýmsir viðburðir á vegum sambandsins, s.s. Skákdagur fjölskyldunnar um haustið, einvígið Kynslóðir mætast, Glitnismótið í hraðskák – minningarmót um Harald Blöndal og Íslandsmót barna- og grunnskólasveita 2006.

TÍVOLÍSYPRA GLITNIS OG SKÁKFÉLAGSINS HRÓKSINS

Snemma á árinu var efnt til mótaráðar undir nafninu Tívolísypra Glitnis og Skákfélagsins Hróksins og stóð hún fram á vor. Mótaröðin var fyrir alla krakka á grunnskólaaldri og alls unnu 22 börn sér rétt til þátttöku á úrslitamótinu sem fram fór í lðnó við Tjörnina í Reykjavík í lok maí. Keppt var í einum opnum flokki eftir svissnesku fyrirkomulagi en verðlaunað í þremur aldursflokkum. Hjörvar Steinn Grétarsson varð sigurvegari mótsins með sex vinninga af sex mögulegum og hlaut hann að launum ferð til Kaupmannahafnar fyrir tvo.

STYRKIR Í VESTMANNAEYJUM

Menningarsjóður Glitnis styrkir fjölmörg verkefni á ári hverju á stöðum þar sem bankinn er með starfsemi. Sem dæmi má nefna fjögur verkefni sem eiga uppruna sinn í Vestmannaeyjum og voru styrkirnir afhentir við hátíðlega athöfn í Eyjum í desember.

Ljósmyndasafn Sigurgeirs Jónassonar fékk styrk að upphæð 500 þúsund krónur til að varðveita, skrá og flokka allt safnið sem nú telur um eina og hálf milljón mynda. Herjólfsbæjarfélagið fékk 500 þúsund krónur til að byggja „Herjólfsbæ“ í Herjólfsdal í anda og stíl þeirra húsa sem uppgröftur hefur leitt í ljós. Tveir útgáfustyrkir að upphæð 250 þúsund krónur hvor voru veittir til ritunar sögu Knattspyrnufélagsins Týs og sögu Golfklúbbs Vestmannaeyja. Ásamt þessum verkefnum er í gildi samningur við Vestmannaeyjabæ v/„Pompei norðursins“.



Glitnir og Skáksamband Íslands áttu gott samstarf á árinu. Þar á meðal var haldið Glitnismót í hraðskák sem fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur. Meðal þátttakenda var indverski meistarinn Vishy Anand, heimsmeistari í hraðskák, og norska undrabarnið Magnus Carlsen en sá síðarnefndi var sigurvegari mótsins.

REYKJAVÍKURMARAFON GLITNIS

Óhætt er að segja að það verkefni Menningarsjóðs Glitnis sem mesta athygli vakti á árinu 2006 hafi verið þátttaka fyrirtækisins og starfsfólks þess í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Ákveðið var að fara nýja leið, virkja starfsfólkið og nýta um leið maraþonið til að leggja góðum málefnum lið. Bankinn hét á starfsfólkið með því að greiða 3.000 kr. til góðgerðarmála fyrir hvern hlaupinn kílómetra. Starfsmennirnir ákváðu sjálfir vegalengdina og hvaða góðgerðarsamtök skyldu njóta framlagsins. Alls var hlaupið í þágu 53 samtaka og námu áheiti bankans alls rúmlega 13 milljónum króna. Starfsmennirnir skoruðu ennfremur á almenning, vini og vandamenn, að leggja sitt af mörkum og heita á þátttakendur og þannig söfnuðust rúmlega 8 milljónir króna til viðbótar. Heildarupphæð áheita fór því í um 22 milljónir króna.

Alls tóku 10.192 þátt í Reykjavíkumaraþoninu 2006, sem eru fleiri en nokkru sinni fyrr en árið áður voru skráðir þátttakendur 4.150. Það sem ekki munaði hvað síst um var að efnt var til Latabæjarmaraþons fyrir börn 11 ára og yngri í fyrsta sinn. Krakkarnir hlupu einn og hálfan kílómetra í kringum litlu Tjörnina eftir að Íþróttálfurinn og vinir hans höfðu hitað mannskapinn upp fyrir hlaupið fyrir framan útibú Glitnis við Lækjargötu. Í þessum flokki einum voru skráð til þátttöku rúmlega 4.400 börn.

REYKJAVÍKURMARAFON GLITNIS

Fjöldi hlaupara frá Glitni	502
Hlaupin vegalengd	4.381 km
Fjöldi áheita	um 1.200
Fjöldi félaga	53 félög og samtök
Heildarupphæð	um 22 milljónir

Alnæmissamtökin	277.000 kr.	MND-félagið	466.163 kr.
Amnesty International	101.000 kr.	MS-félagið	910.350 kr.
Barnaheill	767.500 kr.	Neistinn	252.000 kr.
Barnspítali Hringins	262.500 kr.	Rauði krossinn	310.200 kr.
Björgunarsveitin Súgur	476.320 kr.	Regnbogabörn	114.500 kr.
Blátt áfram	1.724.500 kr.	Samtök sykursjúkra	266.100 kr.
Blindrafélagið	355.000 kr.	Samtök sykursjúkra í Vestmannaeyjum	107.500 kr.
Breið bros	211.000 kr.	SÁÁ	420.338 kr.
CP félagið	108.000 kr.	SEM-samtökin	177.150 kr.
Einstök börn	137.750 kr.	Sjálfsbjörg	179.500 kr.
Félag aðstandenda Alzheimer-sjúklinga	108.250 kr.	Sjónarhóll	228.000 kr.
Félag áhugafólks um Down-heilkenni	121.020 kr.	SOS-barnaþorpin	338.600 kr.
Félag heyrnarlausra	467.389 kr.	Spegillinn	484.900 kr.
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	115.500 kr.	SPES – Ísland	127.250 kr.
Geðhjálp	901.605 kr.	Stígamót	125.700 kr.
Gígtarfélag Íslands	118.000 kr.	Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum	217.500 kr.
Heilaheill	392.000 kr.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	290.500 kr.
Hjartaheill	109.000 kr.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	558.510 kr.
Hjartavernd	873.650 kr.	Styrktarfélag vangefinna	1.332.500 kr.
Hjálparveit skáta, Garðabæ	103.800 kr.	Umhyggja	2.277.805 kr.
Íþróttasamband fatlaðra	109.500 kr.	Umsjónarfélag einhverfra	228.500 kr.
Kattavinafélag Íslands	295.000 kr.	Ungmark	111.500 kr.
Krabbameinsfélag Íslands	2.466.900 kr.	UNIFEM	583.400 kr.
Krabbavörn	111.100 kr.	Þjótur – félag fatlaðra á Akranesi	109.100 kr.
Kraftur	202.000 kr.	Þroskahjálp á Suðurnesjum	165.000 kr.
Kvenfélagið hringurinn	128.000 kr.	Ævintýraklúbburinn	110.500 kr.
Ljósið	127.500 kr.		



MARAÐON GLITNIS Í ÓSLÓ OG KAUPMANNAHÖFN

Í framhaldi af velheppnuðu Reykjavíkumaraþoni var ákveðið að athuga hvort ekki væri hægt að útfæra hugmyndina víðar. Það varð úr og var gengið frá samningi við Óslóarmaraþonið, þar sem Glitnir var helsti styrktaraðili hlaupsins í ár, auk þess sem gerður var samningur við Kaupmannahafnarmaraþonið um samstarf árið 2007.

Fjölmarginir starfsmenn Glitnis í Noregi og aðstandendur tóku þátt í Óslóarmaraþoninu í október og söfnuðu í leiðinni fé til góðgerðarmála. Alls söfnuðust um 500 þúsund norskar krónur eða um fimm milljónir íslenskra króna til góðgerðarmála. Áheitaféð rann til ýmissa góðgerðarsamtaka, þar á meðal runnu 100 þúsund norskar krónur til „Pusterommet“, hvíldarrýmis krabbameinssjúklinga á Ullevål háskólasjúkrahúsinu í Ósló.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ GLITNIS

Samhliða ársskýrslu yfir árangur í rekstri gefur Glitnir nú í fyrsta sinn út sérstaka skýrslu um samfélagslega ábyrgð þar sem greint er frá starfi bankans á þessu sviði, markmiðum, einstökum verkefnum sem bankinn hefur tekið þátt í eða stuðlað að, stefnumörkun og uppbyggingu samfélagsábyrgðar.

Framkvæmd og eftirlit með stefnu Glitnis í samfélagslegri ábyrgð heyrir undir samskiptasvið bankans í samstarfi við viðeigandi starfsstöðvar á öllum mörkuðum þar sem Glitnir starfar.



Glitnir sérhæfir sig í þjónustu við orkufyrirtæki á sviði jarðvarma sem er umhverfisvænn kostur við orkuvinnslu.

BREYTT UMhverfi – AUKIN ÁBYRGÐ

Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur breyst mikið á undanförunum árum og í dag búa þau við skilyrði sem eru á við það besta sem gerist í veröldinni. Þessum breytingum fylgir aukin þátttaka í samfélaginu og aukin ábyrgð. Samfara aukinni alþjóðavæðingu hefur Glitnir breyst úr íslenskum banka í norsk-íslenska bankasamstæðu með starfsstöðvar í tíu löndum. Nýtt viðskiptalandslag Glitnis kallar á nýja nálgun sem felur í sér breytt hugarfar, aukna vísýni, nýja hegðan og skilning á þeim nýju og um margt ólíku markaðssvæðum sem Glitnir starfar á í dag.

Glitnir vinnur nú að heildstæðri stefnu bankans varðandi samfélagslega ábyrgð. Hér að neðan er stutt lýsing á nokkrum þáttum sem verða

þar tilteknir. Við leitum eftir þínum ábendingum um hvernig Glitnir getur gert gott betur. Vinsamlega kynntu þér málið hér að neðan og á vefsíðu bankans, www.glitnir.is og sendu okkur ábendingar, hvort sem þar er um að ræða málefni sem þú telur að bankinn eigi að styðja við bakið á eða hvaðeina annað sem tekur til hlutverks Glitnis í samfélaginu.

Við mótun stefnu um samfélagslega ábyrgð einbeitir Glitnir sér að fjórum áhrifaþáttum sem auðvelda bankanum að greina núverandi stöðu og markmið: markaðinum, starfsfólkinu, samfélaginu og umhverfinu.

MARKAÐURINN

Undir markaðinn fellur þjónusta við viðskiptavinum, sérþekking á viðskiptavinum og viðfangsefnum þeirra, gagnsær rekstur og umhyggja fyrir hag viðskiptavina.

Á alþjóðamörkuðum stefnir bankinn meðal annars að því að vera leiðandi á sérsviðum sem bankinn hefur skilgreint en þau eru matvælaíðnaður, sérstaklega sjávarútvegur, sjálfbær orkuframleiðsla, einkum á sviði jarðvarma og skipaiðnaður, einkallega þjónustuskip við olíuiðnaðinn. Sérhæfing starfsfólks Glitnis veitir bankanum forskot innan markaðssvæða sinna og gerir honum kleift að bjóða upp á nýsköpun og lausnir sem auðvelda viðskiptavinum að vaxa og hagnast.

Glitnir hefur mikilvægum skyldum að gegna gagnvart viðskiptamönnum og bankinn byggir á þremur gildum:

- Fljót – Hröð og örugg ákvarðanatata, fljót að greina og grípa tækifæri og fljót að bregðast við efnahagslegum breytingum
- Snjöll – Fagþekking og hæfni til að efla hagsæld viðskiptavina. Leita lausna með hag viðskiptavina að leiðarljósi
- Fagleg – Horft er á tækifærin frá öllum hliðum til þess að komast að bestu hugsanlegu niðurstöðu fyrir bankann og viðskiptamenn hans

Faglegur rekstur fyrirtækisins gerir bankann að trúverðugum þátttakanda í hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi en eflir jafnframt örugga stjórnun bankans, traust, nærgætni og heiðarleika gagnvart öllum haghöfum. Mikilvægt er að trúnaður og traust ríki milli hluthafa, stjórnarmanna, stjórnenda og annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í bankanum. Til þess að stuðla að því hafa verið settar almennar ytri og innri reglur í rekstri bankans sem teknar eru til endurskoðunar með reglubundnum hætti.

STARFSMENN

Siðareglur starfsmanna, jákvætt vinnuumhverfi, jafnræði á vinnustað, starfsmenntun, öryggi og heilsa eru allt þættir sem snúa að ábyrgð Glitnis gagnvart starfsfólki. Þessir þættir eru forsenda fyrir jákvæðum og öruggum vinnustað. Starfsmenn eiga að vera meðvitaðir um áherslur bankans í samfélagslegri ábyrgð.

Glitnir leitast við að ráða hæft og traust starfsfólk sem skilar framúrskarandi árangri og tileinkar sér gildi bankans í starfi. Starfsmenn eru metnir sjálfstætt sem einstaklingar til launa og fyllsta jafnræðis er gætt milli starfsmanna. Tekið er mið af starfi, ábyrgð, álagi, frammistöðu og markaðsaðstæðum. Hluti starfskjara er tengdur við afkomu bankans og starfsmönnum er gefinn kostur á að eignast hlutabréf í bankanum. Boðið er upp á öfluga nýliðafræðslu og jafnræðisnefnd er starfandi innan bankans. Starfsmenn eru hvattir til að gæta jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin. Við

ákvörðun um starfslok er byggt á frammistöðu og reynslu starfsmanna. Þegar starfslok nálgast vegna aldurs leitast bankinn við að finna farsælar lausnir báðum aðilum til hagsbóta. Glitnir stendur fyrir félagsstarfi eftirlaunaþega. Glitnir leggur mikið upp úr starfsánægju, góðum starfsanda og vellíðan starfsmanna. Umboð til athafna og ákvarðana er víðtækt. Áhersla er lögð á opin skoðanaskipti og góða miðlun upplýsinga.

Starfsmenn fylgja þeim starfsreglum og lögum sem gilda um bankann. Orðspor Glitnis ræðst meðal annars af því hvernig hver starfsmaður tekst á við verkefni í daglegu starfi. Siðareglur starfsmanna eiga að auðvelda starfsmönnum bankans að taka bestu hugsanlegu ákvarðanir hverju sinni og framkvæma samkvæmt þeim.

Til þess að styrkja frekar uppbyggingu og framþróun bankans hefur stjórn Glitnis ákvarðað almennar innri og ytri reglur fyrir reksturinn er varða stjórnina sjálfa, framkvæmdastjórnina og almenna starfsmenn. Starfsreglur Glitnis ná til samskipta við viðskiptavini, samstarfsaðila og milli starfsmanna bankans.



Yfir 500 starfsmenn Glitnis tóku þátt í Reykjavíkumaraþoni Glitnis árið 2006 og hlupu alls 4.381 km.

UMHVERFI

Bankanum er nauðsynlegt að vera meðvitaður um ábyrgð gagnvart umhverfinu og uppfylla öll umhverfisskilyrði í rekstri. Það er gert með því að stunda endurvinnslu og ábyrg innkaup á vörum og þjónustu, stuðla að lækun rafmagnsnotkunar og fleiri þáttum. Starfsmenn eru upplýstir um umhverfisvernd og ábyrgð.

Glitnir leggur ríka áherslu á að vera leiðandi í ráðgjöf og fjármögnun á sviði endurnýjanlegrar orku, einkum jarðvarma en með nýtingu jarðvarma ná efnahagsleg og umhverfisvæn sjónarmið saman. Glitnir leggur metnað í að skapa fjárhagslegar aðstæður sem geta leitt til hreinna umhverfis samhliða bættum lífskjörum til framtíðar. Möguleikarnir eru gríðarmiklir á þessu sviði og Glitnir er í mjög góðri stöðu til að nýta þá.

Í byrjun árs 2007 stofnuðu FL Group, Glitnir og verkfræðistofan VGK-Hönnun fjárfestingafélagið Geysir Green Energy en tilgangur félagsins er að fjárfesta í verkefnum tengdum sjálfbærri orkuframleiðslu með áherslu á Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og Evrópu. Geysir Green Energy mun leita tækifæra á mörkuðum í nýtingu jarðvarma, fjárfesta í þróun og byggingu jarðvarmaorkuvera, annast

yfirtöku á jarðvarmaorkuverum í eigu orkufyrirtækja og taka þátt í einkavæðingu orkufyrirtækja víða um heim. Í Kína stendur t.d. yfir uppbygging stærstu hitaveitu í heimi með þátttöku Glitnis og í Bandaríkjunum eru áform um mikla uppbyggingu jarðvarmavirkjana á næstu árum. Í byrjun febrúar á þessu ári undirrituðu Geysir Green Energy og Reykjanesbær viljayfirlýsingu um samstarf í þeim tilgangi að byggja upp leiðandi alþjóðlegt orkufyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjanesbæ.

SAMFÉLAGIÐ

Til ábyrgðar gagnvart samfélaginu telst m.a. nýting á sérþekkingu fyrirtækisins í þágu samfélagsins, að taka tillit til samfélagsáhrifa í viðskiptaákvörðunum og stuðningur við líknar- og góðgerðarsamtök. Glitnir sýnir einnig ábyrgð með því að stuðla að velferð og uppbyggingu í samfélaginu, t.d. með þátttöku í verkefnum sem tengjast menntun, heilsu, menningu og listum. Gerð er grein fyrir þessum verkefnum hér í skýrslunni.



Um 800 þúsund krónur komu í hlut Hjartaverndar þegar áheiti voru gerð upp eftir Reykjavíkurmaraþon Glitnis í ágúst. Áheitaféð var notað til að kaupa og taka í notkun nýjan og fullkominn hjartarita og voru starfsmenn Glitnis sem hlupu fyrir félagið viðstaddir þegar hjartaritinn var tekinn í notkun.

MAT Á ÁRANGRI OG MARKMIÐ NÆSTU ÁRA

Að ári munum við í samfélagsskýrslu Glitnis leggja mat á árangur ársins 2007, hverju var áorkað og hvað náðist ekki að fullgera. Hingað til hefur samfélagsleg ábyrgð verið hluti af viðskiptastefnu Glitnis, sem hluti af starfsemi bankans og þá byggð á reynslu starfsfólksins og stjórnenda og einlægum vilja til að stunda viðskipti í takt við góða viðskiptahætti. Innan bankans á sér stað sífelld endurskoðun á stefnu og framkvæmd á einstökum þáttum í starfseminni sem flokkast undir samfélagslega ábyrgð þar sem leitast er við að gera betur.

Ákvörðun Glitnis um samfélagsábyrgð er ekki einungis tækifæri til að stuðla að framþróun samfélagsins heldur einnig leið til að efla framtíð bankans. Heilsteypt og skýr stefna í samfélagslegri ábyrgð mun efla bæði samfélagsþátttöku Glitnis og skilgreina enn betur markmið bankans í viðskiptum hans á alþjóðavettvangi. Stefnan mun eflast samhliða ört vaxandi starfsemi og taka ekki aðeins á málefnum íslensks samfélags heldur einnig taka þátt í þeirri þróun sem á sér stað erlendis.

VERKEFNI TIL FRAMTÍÐAR

Með ákvörðun um að gera gott betur í samfélaginu tekst Glitnir á hendur ýmis loforð og skuldbindingar. Þar blasa við fjölbreytt tækifæri. Langtímaverkefni á sviði samfélagslegrar ábyrgðar felur meðal annars í sér að:

- Innleiða samfélagslega ábyrgð í stefnumótun Glitnis
- Byggja upp árangursríkt skipulag sem heldur utan um samfélagslega ábyrgð Glitnis
- Að stunda heiðarleg, gegnsæ og siðferðisleg viðskipti
- Að taka tillit til hagsmuna samfélags og umhverfis þegar kemur að viðskipta-ákvörðunum
- Að skapa góðan vinnustað sem hugar vel að starfsmönnum; hvetur þá til frumkvæðis, tekur tillit til einkalífs þeirra og stuðlar að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi
- Starfrækja umhverfisþenkjandi rekstur þar sem farið er eftir alþjóðlegum viðmiðum
- Styðja við bakið á ýmsum líknar-, góðgerðar- og menningarmálum
- Fræða starfsfólk okkar um samfélagsábyrgð og hvetja það til frumkvæðis og þátttöku í verkefnum



UN GLOBAL COMPACT

Glitnir undirritaði í byrjun árs 2007 samning um aðild að verkefninu Global Compact sem er á vegum Sameinuðu þjóðanna. Global Compact leitast eftir því að starfa með ábyrgum fyrirtækjum og vinna sameiginlega að lausn ýmissa álitamála sem fylgja alþjóðavæðingu heimsins, hvort sem um er að ræða umhverfismál, mannréttindi eða spillingu.

Global Compact er valfrjáls skuldbinding sem leggur annars vegar áherslu á að framfylgja tíu viðmiðum og hins vegar hvetja fyrirtæki til aðgerða sem styðja við yfirlýst markmið SP. Til að aðstoða fyrirtæki við framfylgni þessa býður Global Compact upp á ýmiss konar ráðgjöf.



Í janúar gerðist Glitnir aðili að Global Compact verkefni Sameinuðu Þjóðanna. Af því tilefni heimsótti Bjarni Ármannsson forstjóri Glitnis Global Compact skrifstofuna í New York og hitti þar Georg Kell forstöðumann skrifstofunnar.

Global Compact biður fyrirtæki að tileinka sér, styðja við og framfylgja eftirfarandi gildum:

1. Styðja, virða og framfylgja alþjóðlega viðurkenndum mannréttindalögum
2. Gæta að því í hvívetna að starfsemi fyrirtækisins stuðli ekki að mannréttindabrotum
3. Staðfesta verkalýðsfélög og virða samningsstöðu þeirra
4. Útrýma nauðungarvinnu í hvaða formi hún fyrirfinnst
5. Útrýma nauðungarvinnu barna
6. Útrýma mismunun í starfi
7. Styðja umhverfisvænar lausnir á vandamálum sem upp geta komið í starfsemi
8. Koma á framfæri og efla umhverfislega ábyrgð og vitund
9. Hvetja til frekari þróunar og útbreiðslu á umhverfisvænni tækni
10. Vinna gegn allri siðspillingu, þar með talið fjárkúgun og mútum

Allar frekari upplýsingar um Global Compact er hægt að nálgast á vefslóðinni www.unglobalcompact.org.

GÓÐ BYRJUN

Menningarsjóður Glitnis tilkynnti í janúar á þessu ári að ákveðið hefði verið að styrkja fjögur málefni um samtals 52 milljónir króna. Styrkhafar voru verkefni „Líf og starf fatlaðra barna á Íslandi“, UNIFEM á Íslandi, SPES-barnaþorp og nýr Afrekskvennasjóður Glitnis og Íþróttasambands Íslands.

Tíu milljónir króna hlaut verkefnið „Líf og starf fatlaðra barna á Íslandi“ sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir í samstarfi við hinn þekktu ljósmyndara Mary Ellen Mark og kvikmyndagerðarmanninn Martin Bell. Þar er fylgst með lífi og starfi fatlaðra nemenda í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. Ljósmyndasýningin verður haldin í Þjóðminjasafninu síðar á þessu ári og mun síðan verða sýnd víða um heim.

Tíu milljónir króna hlaut UNIFEM og um leið gerist Glitnir bakhjarl UNIFEM á Íslandi. Tilgangurinn er að leggja UNIFEM lið í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum um allan heim. UNIFEM, þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, var stofnaður 1976 og hefur tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum.

Tólf milljónir króna hlaut SPES, hugsjónafélag. Tilgangur SPES er að byggja og reka þorp fyrir foreldralaus eða yfirgefin börn en fyrsta SPES-þorpið er að rísa í borginni Lóme í Afríkúrkinu Tógó. Þar verða að lokum 120 börn en eru nú 65 talsins. Framlag Glitnis verður notað til að reisa tvö hús til viðbótar í Tógó.

Loks var ákveðið að verja tuttugu milljónum króna til að setja á laggirnar Afrekskvennasjóð Glitnis og Íþróttasambands Íslands. Tilgangur sjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri. Sjóðsstjórn skipa Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík og fyrrum frjálsíþróttakona, Vanda Sigurgeirsdóttir fyrrum landsliðskona í knattspyrnu, þjálfari og lektor við KHÍ, og Vala Flosadóttir stangarstökkvari og eina íslenska konan sem hlotið hefur verðlaun á ólympíuleikum. Hægt verður að sækja um styrki auk þess sem stjórn sjóðsins getur tekið frumkvæði að styrkveitingum. Úthlutað verður úr sjóðnum tvisvar á ári.



Í byrjun ársins 2007 veitti Menningarsjóður Glitnis fjórum verkefnum styrki að heildarupphæð 52 milljónir króna. Glatt var á hjalla þegar stjórn Menningarsjóðs Glitnis og fulltrúar verkefnanna komu saman af því tilefni.



Menningarsjóður Glitnis veitti ungu tónlistarfólki viðurkenningu í þriðja sinn. Hér má sjá hópinn ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur á Hátíðartónleikum Glitnis sem haldnir voru í lok ársins.



Bankinn hét á starfsfólk sitt í Reykjavíkumaraþoni Glitnis með því að greiða 3.000 krónur til góðgerðarmála fyrir hvern hlaupinn kílómetra.



Glitnir leggur ríka áherslu á eflingu menntunar og á hverju ári veitir bankinn framúrskarandi nemendum viðurkenningu fyrir námsástandun.



Glitnir er hópi bakhjarla Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Styrkur bankans mun auðvelda Landsbjörgu að efla og styðja það mikilvæga slysavarna- og björgunarstarf sem félagið heldur úti.



Glitnir hefur frá upphafi lagt til verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem veitt eru á Degi Íslenskrar tungu. Áð þessu sinni fékk Njörður P. Njarðvík, rithöfundur, þýðandi og kennari, viðurkenningu fyrir framlag sitt til Íslenskrar tungu.



Glitnir er stoltur aðalstyrktaraðili Special Olympics. Hópur íþróttamanna tók þátt í Evrópuleikum Special Olympics í Róm árið 2006.



Íslenskir og norskir nemendur í kínverskri menningu og tækni fengu fjárstuðning frá Glitni á árinu. Styrkurinn er ætlaður rannsóknarferð til Xianyang í Kína þar sem nemendurnir munu heimsækja jarðvarmavirkjun Enex og læra um þróun héraðsins í nýtingu jarðvarma.



Með þátttöku sinni í Óslóarmaraþoni 2006, söfnuðu starfsmenn Glitnis meðal annars 100 þúsund norskum krónum fyrir „Pusteromet“ sérstaks hvíldarymis fyrir krabbameinssjúklinga á Ullevål háskólasjúkrahúsinu í Ósló.